

„Sigríkur með sinni glatt sóma hlaðinn dáðum“

Rætt við sjómanninn og hagrýðinginn Sigrík Sigríksson.

Ég segi það ekki, að ég fái mér ekki í staupinu stöku sinnum, allavega við hátíðleg tækifæri, en vísu heft ég ekki ort í mörg ár, alveg steinhættur því. Það kom fyrir hér áður fyrr að maður setti saman vísu, svona í góðra vina hópi, en það er liðin tíð.

Það er hagrýðingurinn og sjómaðurinn Sigríkur Sigríksson sem segir þetta þegar hann var heimsóttur í hið nýja dvalarheimili aldraðra á Akranesi, þar sem hann býr nú eftir langan og strangan vinnudag, en Sigríkur er fæddur aldamótaárið 1900 og er því orðinn 79 ára gamall og hefur unnið hörðum höndum allt sitt líf, lengst sem sjómaður á Akranesi.

Ég er fæddur hér í Innri Akraneshreppi að Akrakoti og hef alla tíð búið hér við eða á Akranesi. Fyrstu manndómsár mín vann ég ýmis störf í landi hér á Akranesi, en þegar ég var orðinn 22 ára gamall byrjaði ég á sjónum og var sjómaður allt til ársins 1957 eða í 35 ár, að ég fór í land og vann eftir það í Sementsverksmiðjunni.

Af hverju fórstu í land? Mér þótti ég vera farinn að gefa eftir og ég vildi ekki bíða eftir því að ég yrði einskis nýtur á sjónum og hætti. Jafnframt sjómenskunni tókstu þátt í félagsmálum sjómanna? Já það er rétt, ég hef alla tíð haft áhuga á félagsmálum og tók fljótt virkan þátt í störfum Sjómannadeildar Verkalýðsfélags Akraness og um langt árabil var ég formaður deildarinnar, eða í 14 ár en áður hafði ég átt sæti í stjórn deildarinnar og var raunar í fyrstu stjórninni þegar deildin var stofnuð 1931. Ég átti einnig sæti í stjórn Sjómannasambandsins og var fulltrúi þess á ASÍ þingum m.a. Þessi félagsmálaárátta er eitthvað sem maður réði ekki við og hér fyrrum voru menn mun duglegri að starfa að félagsmálum en núorðið, þegar ganga þarf á eftir mönnum til að taka þátt í félagsmálum. Árin á milli 1930 og 1950 hafa verið mikil átaka ár í verkalýðsbaráttunni? O, já því er ekki að neita, oft urðu hörð átök, sérstaklega á fyrstu árum deildarinnar uppúr 1930. Einhver hörðustu átök sem ég man eftir hér á Akranesi urðu í september 1937, þegar slysið varð hér á hafnargarðinum er brotsjór gekk yfir garðinn, meðan verkfallsátök stóðu yfir og tveir ungir menn drukknuðu. Auðvitað gæti maður sagt frá mörgum hörðum átökum í vinnudeilum, en það yrði of langt mál, en þessi fyrrnefnda deila er mér alltaf minnisstæð. En ef við hverfum frá erfiðisstundum og yfir til gleðistunda og minnumst á sjómannadaginn? Já, hann var okkar stóra gleðistund sjómannanna. Það var alla tíð Sjómannadagsráð sem sá um hátíðarhöld Sjómannadagsins og því má segja að hann hafi starfað

sjálfstætt . Ég átti um tíma sæti í Sjómannadagsráði og á ekket nema góðar minningar frá þeim tíma. Það var myndarlegt átak hjá Sjómannadagsráði að gefa sundlaugina hér á sínum tíma og ég man eftir því að þegar ég átti sæti í ráðinu að við réðumst í það að kaupa kappróðrabáta og létum við byggja yfir þá skýli. Mér hefur þótt dofnað yfir Sjómannadeginum nú í seinni tíð, enda kannski von til þess, þar sem skemmtanalífið nú til dags er orðið svo miklu fjölbreyttara en það var á þeim árum sem mest gekk á í kringum Sjómannadaginn. Hann var án vafa mesti hátíðisdagurinn hér á Akranesi og allir sem vettlingi gátu valdið skemmtu sér þann dag. Og mikið drukkið og dansað? Maður lifandi, ég er nú hræddur um það, hvort það var. Það skemmtu sér allir á Sjómannadaginn í þá daga. Og þá er það skáldskapurinn, Sigríkur, þær eru ófáar vísurnar eftir þig, sem Skagamenn og raunar fleiri kunni? Æ, þetta er ekkert til að tala um. Maður var að setja eitthvað saman í góðra vina hópi, eitthvað sem átti að skemmta á líðandi stund en áttu aldrei að geymast neitt. Hvernig var vísan um Sultarklett? Hefur þú heyrt hana, jæja. Það var eitt sinn að vinur minn var að smíða sér trillu. Ég kom til hans og hann sagði við mig: Settu nafn á trilluna fyrir mig. Ég sagði strax „Sultarklettur“ og hann sagði þá að alltaf væri sami barlómskjafturinn á mér. Þá varð þessi vísa til:

Aflaleysis ógnar frétt
öskrandi barlómskjaftur
siglandi á Sultarklett
um sjóinn fram og aftur.

En ég er alveg hættur þessu. Það var helst á meðan Sigurdór vinur minn Sigurðsson vorum saman að maður var að þessu. Við mögnuðum hvorn annan upp og áttum gott með að koma saman vísunum í návist hvors annars.

Þar á ofan bætist að ág er orðinn svo vandlátur á mínar eigin vísur í seinni tíð, að mér þykir þær aldrei nógu góðar. Heldurðu að hagamælska sé sé að deyja út hjá ungu fólki? Ég óttast það já ég hitti varla nokkurn mann sem yrkir. Ég vann í Sementsverksmiðjunni í yfir 20 ár og hitti þá aldrei ungan mann sem orti vísur. Hér fyrrum máttum við varla sjást við Sigurdór, án þess að annar hvor kastaði fram fyrirparti og hinn botnaði, eða þá að við köstuðum fram sitthvorri vísunni. Einu sinni hittumst við inni hjá Árna rakara, Sigurdór var í stólnum og Árni var að klippa kragann í kring um skallann. Þegar ég kom inn sagði Sigurdór.

Sigríkur með sinni glatt
sómahlaðinn dáðum.
Hefur stundum farið flatt
Fyrir kvennaráðum.

Þessu gat ég ekki látið ósvarað og sagði.

Svona er það Sigurdór
síst mun gæfan flýja,
þó að skallinn þyki stór
þér munu ástir hlýja.

Einu sinni kom Sigurdór til mín og sagði um leið og hann kom inn úr dyrunum:

Sigurdór með svaka kjaft
Sigríks kemur nú á fund

Og ég botnaði.

Það ætti að setja á'ann haft
Þótt ekki væri nema um stund.

Svona gátum við skemmt okkur langar stundir þegar við vorum ungir. Heldurðu að hagamælska sé náðargáfa eða íþrótt sem menn geta æft upp? Hún er hvoru tveggja. Þó menn fái hagamælsku í vöggugjöf, þá verður að æfa hana upp og þroska, annars gerist ekkert. Eins hygg ég að á þeim heimilum sem mikið er ort á eða farið með vísur, séu meiri líkur á því að ungt fólk verði hagamælska. Ég man til að mynda vel, að heima hjá mér var mikið farið með vísur og foreldrar mínir voru bæði hagamælska, Sigríkur Eiríksson og Sumarlína Sumarliðadóttir. Sennilega hef ég farið að fíka við þetta vegna þess að ég heyri þetta fyrir mér haft heima.

En víkjum aftur að sjómenskunni hver heldurðu að sé eftirminnlegasta sjóferðin þín? Því er fljótsvarað, það var fræga strandið á Kára, með Kjartani Helgasyni skipstjóra, þegar okkur rak upp á Mýrum í gegnum allan skerjagarðinn og sluppum án þess að drepa okkur. Það verður sennilega aldrei leikið eftir, enda á það ekki að vera hægt. Þetta var árið 1930 í febrúarbyrjun. Við höfðum róið í ágætu veðri og lagt línuna. Síðan fór að kula af suðri og kominn allmikill vindur þegar vélin bilaði. Þá urðum við að fara frá línunni og ætluðum að komast heim á seglum. Nú það er ekki að orðlengja það að á okkur skall vont veður og myrkur þegar hallaði degi. Kjartan vildi sigla suður, en ég í vestur, og hann hlaut að ráða, skipstjórinn. Um kvöldið sáum við svo ljós í Hjörsey og kom þá í ljós að við höfðum ekkert siglt. Við reyndum að sigla milli skerjanna og lögðum upp að Hjörsey. Við fallaskiptin kom svo bullandi útfall og við réðum ekki neitt við neitt og steyttum á skeri og gat kom á bátinn. Hann var að sökkva en við komumst á hliðina á honum og þannig stóð þegar hann kenndi botns. Það bjargaði lífi okkar. Hefði þetta gerst nokkrum mínútum fyrr, hefðum við allir farist. En allir komust ómeiddir í land og ég hef aldrei lent í álíka svaðilför, enda varð hún fræg þessi.

Svona í lokin Sigríkur, ef þú værir aftur orðinn ungur maður með þá reynslu sem þú hefur, myndirðu fara sömu braut í lífinu? Nei áreiðanlega ekki. Ef ég væri ungur maður núna, þá myndi ég ganga menntavegin og ég hefði gert það á sínum tíma ef efnin hefðu verið til þess. Mikil lifandis ósköp sem mig langaði til að læra. Hitt er annað, að ég hef ekkert á móti því að stunda sjó, enda er sjómenskun nú til dags barnaleikur á móti því sem var þegar ég var ungur maður. Það liggur við að menn geti verið í sparifötunum á þessum nýju skuttogurum. Og launin maður lifandi. Það er ekki hægt að gera neinn samanburð. Hitt er svo annað mál, að það er gömul saga og ný að eftir að því sem menn hafa það betra er verra að vinna fyrir þá í verkalýðsfélagi. Það var mín reynsla að þeir sem mestar höfðu tekjurnar voru kröfuharðastir í garð okkar, sem í fararbroddi vorum í verkalýðsmálunum. Þetta þótti mér óþolandi og mest fyrir þetta hætti ég afskiptum af sjómannadeildinni. Fyrir hina var ánægjulegt að vinna.

S.dór

